



# Tímabundið

# STARFSLEYFI

## vegna meðhöndlunar asbestos

---

Með vísan til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., efnalaga nr. 6/2013 m.s.br. og reglugerða settum samkvæmt þeim eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með tímabundið starfsleyfi til neðangreinds:

**Leyfishafi: Róbert Sigurjónsson**

**Kennitala: 230561 4789**

**Aðsetur: Fagurgerði 9, 800 Selfoss**

**Leyfið gildir frá: 1. apríl 2022**

**Leyfið gildir til: 1. júní 2022**

**Starfsemi og staðsetning verks:**

Meðhöndlun asbestos vegna endurnýjunar á vatnsklæðningu á þaki íbúðarhúsnæðis að Fagurgerði 9 á Selfossi, F2185938.

**Starfsleyfisskilyrði:**

- Eftir því sem við á gilda ákvæði í starfsleyfisskilyrðum leyfishafa við allar framkvæmdir sem leyfi þetta gildir um, fái leyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta framkvæmdarinnar eða framkvæmdina í heild.
- Framkvæmdaaðili/verktaki skal hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbestos frá Vinnueftirlitinu.
- Áður en verkið hefst skal liggja fyrir
  - framkvæmdaleyfi byggingafulltrúa, sé verkið framkvæmdaleyfisskylt,



- b) úttekt heilbrigðisfulltrúa, sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmdinni og gerir úttekt að henni lokinni,
  - c) heimild Vinnueftirlits til verksins.
4. Asbest skal ávallt rífa handvirk og gæta skal fyllstu varúðar við alla meðhöndlun þess. Áhersla skal lögð á að rykbinda alla byggingahluta sem innihalda asbest. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbestos í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan lofræstan gang.
5. Lágmarka skal rykmyndun við niðurrif steypu, mûrs, asbest o.þ.h. á framkvæmdasvæðinu öllu svo og við brottflutning úrgangs eftir því sem við á, m.a. með skolon hjólbarða vöruflutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið.
6. Asbest og úrgangi sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir og flytja á förgunarstað í þéttum, lokuðum og merktum ílátum.
7. Öllum spilliefnum, s.s. asbest, PCB, þungmálum, kvikasilfri, olíum o.fl., skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. mûrbroti, timbri, járni, plasti o.þ.h.
8. Eingöngu er heimilt að flytja úrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla viðkomandi úrgang.
9. Hættulegur farmur skal fluttur af flutningsaðila sem hefur ADR-réttindi til slíks flutnings.
10. Starfseminni skal hagað þannig að hún valdi ekki nágrönum eða fólk i nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna fjúkandi úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.
11. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
12. Ef í ljós kemur við niðurrif mannvirkis, byggingar eða byggingarhluta að jarðvegur á framkvæmdasvæðinu er olíumengaður skal tafarlaust hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem ákveður frekari aðgerðir. Við meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
13. Innan mánaðar frá verklokum tilgreindum í starfsleyfi þessu, skal framkvæmdaaðili senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað alls byggingarúrgangs ásamt afritum af kvittunum fyrir móttöku hans, eftir því sem við á.



Starfsleyfisskilyrði þessi byggja á eftirfarandi lögum og reglugerðum eftir því sem við á:

- lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum,
- lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs,
- reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbestos á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfi þetta er bundið við ofan skráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum. Leyfið fellur úr gildi ef eitt eða fleiri nefndra atriða breytast. Óheimilt er að hefja aðra vinnslu en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Leyfishafi greiðir starfsleyfis- og eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er á hverjum tíma.

Selfossi, 31. mars 2022

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

# Róbert Sigurjónsson

kt. 230561 4789

**Fagurgerði 9,  
800, Selfoss**

vegna meðhöndlunar asbestos að Fagurgerði 9, 800 Selfoss.

### **1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 28. febrúar sl. umsókn Róborts Sigurjónssonar, kt. 230561 4789, um tímabundið starfsleyfi til að fjarlægja asbestos af þaki íbúðarhússins að Fagurgerði 9 á Selfossi. Var móttaka umsóknar auglýst þann 1. mars sl. á heimasiðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og tilkynningaskyldu vegna mengunar. Jafnframt kemur fram í starfsleyfi að ekki sé heimilt að hefja framkvæmdir við niðurrifið fyrr en leyfi byggingafulltrúa liggur fyrir, sé framkvæmdin framkvæmda- og/eða byggingaleyfisskyld.

### **2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa**

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundið starfsleyfi er að ræða vegna niðurrifs mannvirkja, þá var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti. Hins vegar fylgdi ofangreindri umsókn staðfesting byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar um að framkvæmdin sé undanþegin byggingarheimild og -leyfi sbr. ákvæði byggingarreglugerðar.

### **3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvor megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.



Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir meðhöndlun asbestos á vegum Róborts Sigurjónssonar á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 1. mars sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 29. mars. sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 217. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 30. mars. sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Róborts Sigurjónssonar tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út með gildistíma í samræmi við innsenda umsókn loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint, með gildistíma frá 1.apríl til 1. júní 2022.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 31. mars 2022.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi